



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

(+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)


Reykjavík, 18. maí 2007  
Tilvísun: UST20070400121/bs


### **Nesjavallalína 2, 145 kV - lagning jarðstrengs. Umsögn um matsskyldu**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. apríl 2007 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umrædd framkvæmd felst í lagningu 24,4 km jarðstrengs frá Nesjavöllum að Geithálsi. Jarðstrengsleiðin mun fylgja röskuðum svæðum eins og unnt er og mun að verulegu leyti verða innan veghelgunarsvæðis Nesjavallaleiðar og Hafravatnsvegar. Skurðurinn verður að lágmarki 1,25 m á dýpt og u.p.b. 1,3-1,6 m breiður. Sandur sem settur verður næst strengnum verður fenginn hjá efnissölum á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er gert ráð fyrir slóðagerð vegna lagningar jarðstrengsins svo nokkru nemi. Gróðurfar einkennist af graslendi sem sáð hefur verið til í kjölfar fyrri framkvæmda á strengleiðinni. Hluti strengleidiðar liggur um fjarsvæði vatnsverndar og þarf þar að haga framkvæmdum í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að lagning jarðstrengs frá Nesjavöllum að Geithálsi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst  
  
Björn Stefansson



Helgi Jansson  
Forstöðumaður